



# Náttúruverndarsamtök Íslands

## Iceland Nature Conservation Association

### Fjármála- og efnahagsráðuneytið Arnarhvoli við Lindargötu

[Áform um frumvarp](#) til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnbifreiða)

Reykjavík 10. október 2023

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á það sem segir í [stefnuyfirlýsingu](#) ríkisstjórnar Íslands: „Áfram verður unnið að því að breytingar á sköttum og gjöldum styðji við loftslagsmarkmið.“

Jafnframt benda Náttúruverndarsamtökin á að losun hefur aukist hér á landi.

Í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir því á hvern hátt fyrirhugaðar breytingar á sköttum og gjöldum samkvæmt frumvarpsdrögum styðja við loftslagsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Á einum stað í greinargerðinni segir:

Samhliða því gætu breytingar á kolefnisgjaldi viðhaldið hvötum sem nauðsynlegir eru til orkuskipta. Samandregið hvetur kílómetragjald almennt til aukinnar vitundar um akstur og getur þannig dregið úr umferð, tilheyrandi umferðartöfum og losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Á hinn bóginn segir ofar í textanum:

Með gjaldtöku fyrir notkun rafbíla er upp að nokkru marki dregið úr hvötum til orkuskipta.

Vandinn er að aðferð stjórnvalda til orkuskipta í vegasamgöngum hefur verið að lækka gjöld á rafbíla. Þar af leiðandi hefur ríkissjóður orðið af miklum fjármunum og vill nú – skiljanlega – fá tekjur af akstri þeirra sem keypt hafa sér rafbíla. Gott og vel, en verður þá ekki að hækka kolefnisgjaldið umtalsvert til að viðhalda hvatanum?

Það kann að mega lesa út úr þessum orðum í greinargerðinni:

Á sama tíma skiptir máli að viðhalda hvötum til orkuskipta með kaupum almennings og fyrirtækja á hreinorkubílum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áfram verður því lagt á kolefnisgjald á jarðefnaeldsneyti til að fanga neikvæð ytri áhrif slíkrar losunar. Upphæð gjaldsins á hverjum tíma þarf að taka mið af þeim hvötum sem nauðsynlegir eru til að draga úr losun, m.a. með orkuskiptum.

Engin grein er þó gerð fyrir því hve mikið skal hækka kolefnisgjald til að koma í veg fyrir að kaup og akstur á orkufrekum bensín- og dísilbílum aukist um leið og kostnaður verður meiri við kaup og rekstur hreinorkubíla.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggja til að þegar frumvarp þetta verður lagt fyrir Alþingi fylgi því skýringar um það hvernig hækkun gjalda á hreinorkubílum stenst loftslagsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'Arni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson